

Nr. 132 / 09 Guðrún GK 69***Eldur í vélarrúmi og dregin til hafnar***

Skipaskr.nr. 2085
Smíðaður: Noregi 1990 plast
Stærð: 6 brl. 9,4 bt.
Mesta lengd: 10,54 m Skráð lengd: 9,45 m
Breidd: 3,35 m Dýpt: 2,09
Vél: Deutz 148 kW, 2000
Fjöldi skipverja: 1



Guðrún ©Hafbór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 21. nóvember 2009 var Guðrún GK 69 á siglingu á Sandvík vestan Reykjaness. Veður: A 6 m/sek.

Skipstjórinn taldi sig heyra sprengingu frá vélarrúminu en í því fór brunaviðvörðunarkerfið í gang og mikill reykur gaus út um vélarrúmshurðina og skömmu síðar eldur. Hann fór þegar og lokaði hurðinni sem verið hafði bundin opin.

Þegar hann ætlaði að opna fyrir kolsýruslökkvikerfi vélarrúmsins þurfti hann þrjár tilraunir til að opna lok á geymsluhylki kolsýrukútsins sem var fast.

Skipstjórinn kallaði á Faxe RE 9 en þegar hann kom að Guðrúnu GK var eldurinn slokknaður. Faxi RE tók Guðrúnu GK í tog áleiðis til Sandgerðis en síðan tók björgunarbáturinn Þorsteinn við drættinum.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórinn sagðist hafa verið á handfærum fram af Hafnarberginu. Hann hafi dólað og látið reka á meðan hann beið eftir að vind lægði sem gerði þegar leið á morguninn. Hann hafi farið í vélarrúmið um klukkustund áður til eftirlits en hann þurfti að skríða fram með vélinni og snúa þar við til að fara til baka. Taldi hann sennilegt að hann hafi rekið sig í aftöppunarkrana sem var til að hleypa undan olíutanknum, þegar hann snéri við, og þá hafi olía ýrst yfir framhluta vélarinnar;

- að skömmu eftir að hann setti á fulla ferð gaus eldurinn upp;
- að vélin hitnar ekki eins mikið að framanverðu og aftan þar sem afgangsgreining og túrbínan eru. Brunaskemmdir voru einungis framan á vélinni en þar eru tveir rafalar, annar nýr, en hann var mikið brunnin og hafði olía sprautast yfir hann;
- að kraninn er mjög liðugur renniloki og þess vegna hefur hann getað opnast vegna titrings eftir að hreyft hafði verið við honum;
- að kolsýrukúturinn var í lokuðum hólki á afturþili (sjá mynd) vélarrúmskappans þar sem hólkurinn var skrúfaður fastur á þilið. Brún loksins á hólknum var því pressað á milli þess og þilsins og skýrir það erfiðleika skipverjans við að komast að krana kútsins;
- að skipstjóri sagðist hafa skrúfað tappa á rennilokann til að fyrirbyggja að svona gæti komið fyrir aftur því sjaldan þurfi að tappa undan tanknum.



Nefndarálit:

Orsökina var sú að skipstjórinn rak sig í aftöppunarkrana vegna þrengsla í vélarúmi og það opnaðist fyrir hann.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á hönnunargalla sem varð til þess að skipverjanum reyndist erfitt að ná lokinu af hólknum þar sem ekki var nægjanlegt millilegg á milli hólks og þils.